



Akurskóli
Skólanámskrá
2018 – 2019



II. hluti
Nám og kennsla
3. bekkur

Umsjónarkennari
Sigríður Sigurðardóttir

Efnisyfirlit

BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR	3
LYKILHÆFNI Í 3. BEKK	3
SAMÞÆTTING NÁMSGREINA	4
ÚTINÁM	4
SÖNGSTUND Á SAL	4
ÍSLENSKA	4
TALAÐ MÁL, HLUSTUN OG ÁHORF	4
LESTUR OG BÓKMENNTIR	5
RITUN.....	6
MÁLFRÆÐI	6
STÆRÐFRÆÐI	7
AÐ GETA SPURT OG SVARAÐ MEÐ STÆRÐFRÆÐI	7
AÐ KUNNA AÐ FARA MEÐ TUNGUMÁL OG VERKFRÆÐI STÆRÐFRÆÐINNAR.....	7
VINNUBRÖGD OG BEITING STÆRÐFRÆÐINNAR	8
TÖLUR OG REIKNINGUR	8
ALGEBRA	8
RÚMFRÆÐI OG MÆLINGAR.....	8
TÖLFRÆÐI OG LÍKINDI	9
SAMFÉLAGSFRÆÐI	10
REYNSLUHEIMUR	10
HUGARHEIMUR	11
FÉLAGSHEIMUR	11
NÁTTÚRUFÆÐI	12
HÆFNIVIÐMIÐ UM VERKLAG	12
HÆFNIVIÐMIÐ UM VIÐFANGSEFNI	13
SMÍÐJUR	15
HEIMILISFRÆÐI	15
TEXTÍLMENNT	16
SMÍÐI	17
MÝNDMENNT	17
VÍSINDI	18
SPIL	19
LISTSKÖPUN	20
ÚTIVERA	20
FJÖLVAL	21
SKÓLÁÍPRÓTTIR	22
ÍPRÓTTIR	22
SUND	23

Bakgrunnsupplýsingar

Í 3. bekk eru 23 nemendur, 13 drengir og 10 stúlkur. Alls fá nemendur 30 kennslustundir á viku. Umsjónarkennari í 3. bekk er Sigríður Sigurðardóttir. Stuðningsfulltrúi er Svava Rut Jónsdóttir. Renata Agnes Edwardsdóttir sér um sérkennslu. Brynja Rúnarsdóttir kennir íþróttir og Jón Ásgeir Þorvaldsson sund. Smiðjukennarar eru Hildur Ósk Indriðadóttir sem kennir heimilisfræði, Elísabet Kjaransdóttir með textílmennt, Sigríður Sigurðardóttir með smíðar, Ragnar Birkir Bjarkason með myndmennt, Aðalheiður Ósk Tobíasdóttir með spil, Birna Marín Aðalsteinsdóttir með útveru, Renata Agnes Edwardsdóttir með listsköpun og Teresa Birna Björnsdóttir er með vísindasmiðju.

Viðmiðunarstundatafla:

Íslenska	8 kennslustundir
Stærðfræði	7 kennslustundir
Samfélagsfræði	2 kennslustundir
Náttúrufræði	2 kennslustundir
Útikennsla	2 kennslustundir
Smiðjur	4 kennslustundir
Fjölval	2 kennslustundir
Sund	1 kennslustund
Íþróttir	2 kennslustundir

Samtals: 30 tímar í viku

Lykilhæfni í 3. bekk

Lykilhæfnin skiptist í fimm þætti sem lagðir eru til í Aðalnámskrá. Allir þættirnir fimm eru jafn mikilvægir en farið er misjafnlega djúpt í þá eftir aldri nemenda. Mat á lykilhæfni fer fram að hausti og vori í öllum árgöngum. Matið er framkvæmt í Mentor og birt foreldrum á fjölskylduvef. Foreldrar og nemendur meta einnig lykilhæfni í Mentor og farið er yfir mat allra aðila á samtalsdegi.

Þættirnir fimm eru eftirfarandi:

1. **Tjáning og miðlun:** Tekur þátt í samræðum. Hlustar á aðra. Tjáir sig í umræðum.
2. **Skapandi og gagnrýnin hugsun:** Sýnir frumkvæði. Er skapandi við vinnu og lausn verkefna.
3. **Sjálfstæði og samvinna:** Vinnur vel með öðrum. Er virkur í hópastarfi og leggur sitt að mörkum. Fer eftir viðeigandi fyrirmælum.
4. **Nýting miðla og upplýsinga:** Aflar sér upplýsinga á fjölbreytta vegu. Miðlar upplýsingum til annarra.
5. **Ábyrgð og mat á eigin námi:** Fylgir fyrirmælum. Leggur mat á vinnu sína. Nýtir tíma sinn vel til vinnu.

Samþætting námsgreina

Námsgreinarnar fléttast saman á margvíslegan hátt. Í samfélagsfræði og stærðfræði þjálfast nemendur jafnframt í íslensku þar sem þeir þurfa að lesa og skrifa. Í íslensku kemur fyrir að nemendur beiti stærðfræði. Lífsleikni kemur mikið við í flestum námsgreinum þar sem reynir á samskiptahæfni og tillitssemi. Byrjendalæsi er regnhlífarhugtak yfir samþættingu námsgreina þar sem sífellt er verið að tvínna saman margar námsgreinar.

Útinám

Við leggjum áherslu á að tengja nemendur við nánasta umhverfi sitt og nýtum umhverfi skólans og útikennslusvæðið Narfakotsseylu í nám og kennslu. Útinám er samþætt nám sem getur tengst öllum námsgreinum. Stefnt er að því að fara að meðaltali einu sinni í viku út í 80 mínútur í senn.

Söngstund á sal

Í vetur hefur sú nýbreytni verið gerð að þrjá morgna koma nemendur saman í sal skólans í söngstund. Stundin byrjar kl. 8.10 og nemendur eru í um 20 mínútur á sal ásamt starfsfólki. Í söngstundinni læra nemendur ný lög í hverri viku undir stjórn kennara og starfsfólks. Stefnt er að því að blanda saman þjóðlögum, lögum sem fest hafa sig í sessi hjá þjóðinni og nýlegum lögum. Á föstudögum eru afmælissöngur vikunnar eru kölluð upp og sunginn er fyrir þau afmælissöngur.

Íslenska

Samkvæmt námskránni er íslenskunámi skipt í fjóra þætti: 1) talað mál, hlustun og áhorf, 2) lestur og bókmenntir, 3) ritun og 4) málfræði. Lögð verður áhersla á innbyrðis tengsl þátta og viðfangsefna, innbyrðis jafnvægi allra þátta og eðlilegan stífganda í náminu.

Hæfniviðmið

Talað mál, hlustun og áhorf

Að nemandi geti:

- beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- tjáð sig með aðstoð leikrænnar táníngar frammi fyrir hópi.
- sagt frá eftirminnilegum atburðum, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.
- hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni ljóð og söngva.
- nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi.
- átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.

Kennsluefni/kennslugögn

Byrjendalæsisbækur (gæðatexti), námsspil, ljóðabækur, orðabækur, Ritrún 2 og 3, Skinna, Ás, Tvistur, Pristur og ljósrituð hefti frá kennara.

Námsmat

Sjálfsmat, jafningjamat, virkni, færni og vinnusemi.

Lestur og bókmenntir

Að nemendur geti:

- nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.
- valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.
- beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.
- beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði s.s. rím, vísa og kvæði.
- aflað sér upplýsinga úr gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi.
- lesið úr myndrænu efni, s.s. einföldum skýringamyndum, kortum og myndritum.

Kennsluefni/kennslugögn

Lestrarbækur við hæfi, yndislestrarbækur af bókasafni og að heiman ásamt byrjendalæsisbókum og verkefnum tengd þeim. Lesrún.

Námsmat:

Námsmat í lestri byggir á hraðlestrarathugunum þrisvar til fjórum sinnum á önn. Raddlestrarviðmið í 3. bekk að vori eru 55 – 120 orð á mínútu.

Aldur nemenda	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
3. bekkur	55 orð	100 orð	120 orð

Á haust- og vorönn er lesskilningskönnunin Orðarún lögð fyrir nemendur, fyrri hluti á haustönn og seinni hluti á vorönn. Hvor könnunin gildir 100%. Einnig verður Talnalykill lagður fyrir í nóvember og LOGOS lesskimun í janúar.

Ritun

Að nemandi geti:

- dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.
- nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, s.s. upphafi, meginmáli og niðurlagi.
- samið texta frá eigin brjósti, s.s. sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.
- beitt einföldum stafsetningareglum.
- nýtt sér fyrirmyndir í ritun, s.s. af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis.
- skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.

Kennsluefni/kennslugögn

Ítalíuskrift, verkefni tengd byrjendalæsisbókum, námsefni tengt samfélags-, náttúru- og kristinfræði ásamt sögu- og ljóðagerð. Stafsetningaæfingar.

Námsmat:

Símat sem byggir á reglulegum verkefnum og könnunum. Kennari metur verkefni, sjálfsmat og jafningjamat, virkni, vinnusemi og færni.

Málfræði

Að nemandi geti:

- beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.
- þekkt og geti fundið helstu einingar málsins s.s. samsett orð, málsgrein, andheiti og samheiti.
- raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.
- sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.
- leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, s.s. margræðni orða og fundið kyn og tölu.
- greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta.
- leikið sér með orð og merkingu s.s. með því að ríma og fara í orðaleiki.

Kennsluefni/kennslugögn

Ritrún 2 og 3, Ás, Tvistur, Þristur, Skinna og verkefni frá kennara með áherslu á fjölbreytileika, vinnubækur með lestrarbókum.

Námsmat

Símat sem byggir á reglulegum verkefnum nemenda, virkni og vinnusemi.

Kennsluhættir

Íslenska verður kennd samkvæmt hugmyndafræði Byrjendalæsis. Þegar hægt er verður íslenska samþætt við náttúru- og samfélagsfræði.

Stærðfræði

Samkvæmt námskránni er hæfniviðmiðum í stærðfræði skipt upp í sjö flokka: 1) Að geta spurt og svarað með stærðfræði, 2) að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar, 3) vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar, 4) tölur og reikningur, 5) algebra, 6) rúmfræði og mælingar og 7) tölfræði og líkindi.

Hæfniviðmið

Að geta spurt og svarað með stærðfræði

Að nemandi geti:

- tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði,
- leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað ápreiðanlega hluti og eigin skýringamyndir,
- sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi,
- rökrætt af innsæi um stærðfræðiverkefni sem tengjast eigin reynsluheimi, rökstutt niðurstöður sínar, val á lausnaleyðum og fylgt röksemdafærslu annarra.

Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar

Að nemandi geti:

- notað myndmál, frásögn og texta jafnhliða táknmáli stærðfræðinnar og unnið með innbyrðis tengsl þeirra,
- túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál,
- tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni,
- notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsóknar á stærðfræðilegum viðfangsefnum.

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

Að nemandi geti:

- tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar,
- kannað og rannsakað með því að setja fram tilgátur og gera tilraunir með áþreifanlegum gögnum,
- lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð,
- undirbúið og flutt stuttar kynningar á eigin vinnu með stærðfræði,
- unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á hugmyndum nemenda,
- notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga,
- borið skynbragð á hvaða möguleikar og takmörk stærðfræðinnar eru til að lýsa veruleikanum.

Tölur og reikningur

Að nemandi geti:

- notað tugakerfisrithátt,
- tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reikna samlagningar-, frádráttar-, margföldunar- og deilingardæmi,
- leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum,
- gefið dæmi um og sýnt hvernig einföld brot og eru notuð í daglegu lífi.

Algebra

Að nemandi geti:

- kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti,
- notað táknmál stærðfræðinnar til að meta sanngildi og tjá vensl eins og jöfnuð og röð,
- fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstutt lausnir sínar, t.d. með því að nota áþreifanlega hluti.

Rúmfræði og mælingar

Að nemandi geti:

- notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu,
- gert óformlegar rannsóknir á tví- og þrívíðum formum, teiknað skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu,
- unnið með mælikvarða og lögun,
- áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða,

- rannsakað og gert tilraunir með rúmfræði á einfaldan hátt með því að nota tölvur og hlutbundin gögn,
- speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn,
- borið saman niðurstöður mismunandi mælinga og túlkað niðurstöður sínar.

Tölfræði og líkindi

Að nemandi geti:

- safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið,
- talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit,
- tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun og myndrit, bæði eigin og annarra,
- tekið þátt í umræðum um tilviljanir og líkur, s.s. hvað er líklegt að muni gerast,

Kennsluefni/kennslugögn

Sproti 3a og 3b, Viltu reyna, Í undirdjúpunum(samlagning, frádráttur, margföldun og deiling), Stefnum á margföldun, Stefnum á deilingu. Spil og ítarefni frá kennara.

Kennsluhættir

Lögð verður áhersla á fjölbreytileg vinnubrögð byggð á skilningi barna sem gera nemendum kleift að leysa stærðfræðileg viðfangsefni á eigin forsendum. Jafnframt tengist stærðfræðivinnan daglegu lífi og reynslu nemenda, bæði í einstaklings og hópvinnu. Fjölbreytni er höfð að leiðarljósi við val á kennsluaðferðum s.s. rökstuðningur, námsleikir, spil, þrautalausnir, utanbókarnám, sköpun, hópverkefni, vettvangsferðir, notkun kennsluforrita, tilraunir og samræður og eru verkefnin unnin ýmist sem einstaklings- eða hópverkefni. Stefnt er að því að auka talnaskilning, þekkingu á hugtökum, reikniaðgerðum og þrautalausnum og bæta grundvallarskilning á stærðfræði, bæði í gegnum bækur, spil og þrautir. Nánasta umhverfi skólans er nýtt á fjölbreyttan hátt til að dýpka skilning og útvíkka þekkingu nemenda.

Námsmat:

Eftir hvern kafla taka nemendur próf þar sem verið er að kanna hvort þeir hafi náð að tileinka sér innihald kaflans ef þeir hafa ekki náð markmiðunum fer fram endur innlögð hjá þeim sem þess þurfa. Í lok annar verður lögð fyrir heildarkönnun á því efni sem búið er að fara yfir ásamt könnun á virkni, áhuga og vinnusemi.

Kunnátta nemenda á reikningsaðgerðum er könnuð á vegum Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar að hausti.

Samfélagsfræði

Samkvæmt námskránni er hæfniviðmiðum í samfélagfræði skipt upp í þrjá þætti:

- 1) Reynsluheim; umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann
- 2) Hugarheim; sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum
- 3) Félagshæim; samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.

Lögð verður áhersla á innbyrðis tengsl þátta og viðfangsefna, innbyrðis jafnvægi allra þátta og eðlilegur stígandi í náminu.

Hæfniviðmið:

Reynsluheimur

Að nemandi geti:

- borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi,
- lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga
- sagt frá einkennum og sögu heimabyggðar og tengslum við önnur svæði á Íslandi,
- aflað sér og nýtt vitneskju um samfélagsmálefni í námsgögnum og miðlum,
- rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi,
- gert sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa,
- sagt frá dæmum, um hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir,
- bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi,
- gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni,
- áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra,
- velt fyrir sér upplýsingum og gildi þeirra,
- sagt frá gerð og mótun íslensks samfélags fyrr og nú,
- sagt frá völdum þáttum og tímabilum í sögu fjölskyldu og heimabyggðar,
- bent á dæmi um hvernig sagan birtist í munum og minningum,
- áttað sig á að trúar- og lífsvið horf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum,
- sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu,
- komið auga á dæmi um áhrif Biblíunnar á samfélagið,
- áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna,
- bent á dæmi um lýðræðislega þætti í nærsamfélaginu,
- bent á nokkrar mikilvægar stofnanir samfélagsins,
- áttað sig á gildi samhjalpar í samfélaginu,
- áttað sig á að hann er hluti af stærra samfélagi,
- lýst kostnaði vegna eigin neyslu og átti sig á ýmsum tilboðum sem hvetja til útgjalda og neyslu,
- varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu.

Hugarheimur

Að nemandi geti:

- sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum,
- bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig,
- bent á dæmi um hefðbundin kynhlutverk og breytingar á þeim,
- gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur,
- bent á fyrirmyndir sem hafa áhrif á hann,
- áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði,
- gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti,
- gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans,
- gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna,
- sett sig í spor annarra jafnaldra,
- sett sér markmið og gert áætlanir við úrlausn afmarkaðra verkefna.

Félagsheimur

Að nemandi geti:

- tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi,
- áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum,
- hlustað á og greint að, ólíkar skoðanir,
- rætt um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni,
- rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu og sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra
- og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna,
- tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti,
- áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum,
- sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra,
- áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna,
- sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og geti nefnt dæmi um slíkar reglur,
- sett sig inn í málefni nærsamfélagsins,
- sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.

Kennslufni/ kennslugögn

Komdu og skoðaðu landakort. Bókin Tunglið og bókin Köngulær. Könnum kortin. Fuglavefurinn, vefur Námsgagnastofnunar um íslensku landspendýrin.

Kennsluhættir

Mikil áhersla er lögð á skapandi vinnu og samþættingu námsgreina. . Náminu er ætlað að víkka sjóndeildarhring nemenda, byggja upp þekkingu og efla samfélags- og sjálfsvitund þeirra. Þemavinna spilar hér stórt hlutverk og eru verkefnið unnin í einstaklings- og hópavinnu. Farið verður í vettvangsferðir, notast við tölvur, fræðibækur, sögubækur og önnur verkefni frá kennurum.

Námsmat

Reglulega verður lagt mat á vinnu nemenda þ.e. frumkvæði, sköpun, tjáningu, hópavinnubrögð, vinnusemi, virkni og áhuga. Jafnframt verður stuðst við sjálfsmat.

Náttúrufræði

Samkvæmt námskránni er hæfniviðmiðum í náttúrufræði skipt upp í tvo flokka sem síðan skiptast niður í 5 undirflokk. Flokkarnir eru: 1) hæfniviðmið um verklag skiptast í: getu til aðgerða, nýsköpun og hagnýting þekkingar, gildi og hlutverk vísinda og tækni, vinnubrögð og færni í náttúrugreinum og efling ábyrgðar á umhverfinu. 2) Hæfniviðmið um viðfangsefni skiptast í: að búa á jörðinni, lífsskilyrði manna, náttúru Íslands, heilbrigði umhverfisins og samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu.

Hæfniviðmið um verklag

Geta til aðgerða

Að nemandi geti:

- útskýrt hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra,
- tekið frumkvæði við öflun upplýsinga til að skoða tiltekið málefni frá ýmsum sjónarhornum,
- sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því,
- greint á milli ólíkra sjónarmiða sem varða málefni daglegs lífs.

Nýsköpun og hagnýting þekkingar

Að nemandi geti:

- komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu,
- bent á störf sem krefjast sérþekkingar.

Gildi og hlutverk vísinda og tækni

Að nemandi geti:

- í máli og myndum miðlað hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum,
- notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum,
- útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra,
- gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana.

Vinnubrögð og færni

Að nemandi geti:

- sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni,
- tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum,
- aflað sér upplýsinga er varða náttúruna, skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim,
- notað ólíkar heimildir við öflun upplýsinga,
- útskýrt valda atburði og hugmyndir á fjölbreyttan hátt,
- hlustað á og rætt hugmyndir annarra.

Ábyrgð á umhverfinu

Að nemandi geti:

- tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð,
- skoðað og skráð dæmi um áhrif af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð,
- nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum,
- rætt eigin lífssýn og gildi, gert sér grein fyrir samspili náttúru og manns,
- tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru.

Hæfniviðmið um viðfangsefni

Að búa á jörðinni

Að nemandi geti:

- tekið þátt í og sagt frá einföldum athugunum á jarðvegi, veðrun og rofi,
- sagt frá hvernig Ísland myndast og tekur breytingum,
- fylgst með og skráð upplýsingar um veður í heimabyggð,
- lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks,
- notað gervihnatta- og loftmyndir af yfirborði jarðar til að lýsa heimabyggð

Lífsskilyrði manna

Að nemandi geti:

- útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannlíkamans,
- útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns,
- bent á skaðleg efni og hvernig ýmsir sjúkdómar og sýklar eru smitandi,
- útskýrt á einfaldan hátt hvernig barn verður til og þekkir einkastaði líkamans,
- rætt fjölbreytni í nýtingu vatns á heimilum og í umhverfinu,
- lýst skynjun sinni og upplifun af breytingum á hljóði, ljósi og hitastigi og áhrifum sólarljóss á umhverfi, hitastig og líkamann og tengt hitastig við daglegt líf.

Náttúra Íslands

Að nemandi geti:

- sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á lífveru í náttúrulegu umhverfi,
- útskýrt einkenni lífandi vera, skýrt með dæmum lífsskilyrði lífvera og tengsl við umhverfi,
- lýst algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu,
- greint á milli algengustu orkugjafa á Íslandi,
- sagt frá náttúruhamförum sem búast má við á Íslandi og hvar þær verða.

Heilbrigði umhverfisins

Að nemandi geti:

- fjallað um samspil manns og náttúru,
- flokkað úrgang,
- gert grein fyrir þjónustu, sem náttúrulegir ferlar veita,
- sett í samhengi mismunandi ástand efna og eiginleika þeirra,
- rætt krafta sem koma við sögu í daglegu lífi manna.

Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu

Að nemandi geti:

- flokkað gerviefni og náttúruleg efni eftir tilurð þeirra,
- rætt hvernig uppfinningar hafa gert líf fólks auðveldara eða erfiðara, á heimilum og í ólíkum atvinnugreinum,
- gert grein fyrir hvernig holl fæða er samsett úr öllum flokkum fæðuhringsins og mikilvægi við geymsluaðferðir.

Kennsluefni/ kennslugögn

Komdu og skoðaðu: land og þjóð, Fuglavefur (nams.is), Vefur Námsgagnastofnunar um íslensku landspendýrin, Náttúran allan ársins hring, bókin Tunglið og bókin Köngulær ásamt efni frá kennara.

Kennsluhættir

Mikil áhersla er lögð á skapandi vinnu og samþættingu námsgreina. Náminu er ætlað að víkka sjóndeildarhring nemenda, byggja upp þekkingu og efla náttúruvitund nemenda, kynnist hugtakinu sjálfbærni og hvað felst í því. Þemavinna og útinám spilar hér stórt hlutverk og eru verkefni unnin í einstaklings- og hópavinnu. Farið verður í vettvangsferðir, notast við tölvur, fræðibækur, sögubækur og önnur verkefni frá kennurum.

Námsmat

Reglulega verður lagt mat á vinnu nemenda þ.e. frumkvæði, sköpun, tjáningu, hópavinnubrögð, vinnusemi, virkni og áhuga. Jafnframt verður stuðst við sjálfsmat.

Smiðjur

Heimilisfræði

Hæfniviðmið

Stefnt er að því að nemendur:

- geti unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- geti unnið einföld verkefni í hóp.
- geti sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi.
- geti greint mun á hollum og óhollum mat.
- þekki mun á grænmeti og ávöxtum.
- læri að þvo upp, ganga frá áhöldum og skila eldhúsi hreinu.
- geti unnið í hópum og sýni öðrum tillitssemi.
- kunni að matreiða og baka eftir einföldum uppskriftum undir leiðsögn kennara.
- kunni borðsiði.

Kennsluefni/kennslugögn

Verkefnabók ásamt uppskriftum frá kennara.

Kennsluhættir

Mest verður unnið í hópum en einstaka sinnum verður para- eða einstaklingsvinna.

Námsmat

Umsögn byggist á getu og kunnáttu nemenda. Farið er eftir umgengni og vinnubrögðum í kennslustund. Einnig eru hafðir í huga þættir eins og samvinna og hreinlæti.

Textílmennt

Hæfniviðmið

Að nemendur geti:

- skreytt textílvinnu á einfaldan hátt.
- gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni.
- unnið einföld verkefni í hópi.
- tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.

Kennslugögn

Garn, efnisbútar, málning, lím, skæri, litir, nál, garn og fleira.

Kennsluhættir

- Nemendur hjálpast að
- Umræður
- Einstaklingsvinna
- Hópvinna
- Sýnikennsla

Námsmat

Umsögn byggist á getu og kunnáttu nemenda. Einnig eru hafðir í huga þættir eins og framfarir, sjálfstæði, frumkvæði, ástundun, vinnubrögð og samstarfshæfni. Verkefni eru metin í lokin með hliðsjón af ofantöldu. Námsmatið á að virka hvetjandi fyrir nemandann.

Smíði

Hæfniviðmið:

Handverk

Að nemandinn geti:

- valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt

Hönnun og tækni

Að nemandinn geti:

- framkvæmt einfaldar samsetningar
- dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar

Umhverfi

Að nemandinn geti:

- beitt líkamanum rétt við vinnu sína
- sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með

Kennslugögn

Bakkasög, skerstockur, sandpappír 60-100-150, litir, MDF, fura, akrílmálning, tappar, naglar

Kennsluaðferðir

Stuttar innlagnir fyrir hóp eða einstakling, sýnikennsla, einstaklingsvinna

Námsmat

Námsmat byggist á formlegri umsögn: Vinnubrögðum (iðni, sjálfstæði, frumkvæði, leiðbeiningar), samskiptum (virðing, kurteisi, tillitssemi, umgengni, fyrirmæli) og mati á verkefnum.

Myndmennt

Hæfniviðmið

Að nemandi:

- geti unnið út frá kveikju við eigin listsköpun.
- geti tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn á einfaldan hátt.

- þekki grunnformin og frumlitina og þjálfist í meðferð lita og formfræði.
- geti fjallað um eigin verk og annara.
- geti greint á einfaldan hátt áhrif myndmáls í nærumhverfi hans.
- geti unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- læri að ganga frá eftir vinnu sína.

Kennsluefni/kennslugögn

Skjávarpi og efni svo sem teikniverkfæri, litir, pappír og leir

Kennsluhættir

- Í myndlist er unnið markvisst með skynjun, greiningu og túlkun sem veitir nemendum forsendur til að sjá það sem þeir horfa á.
- Umræður um myndlist.
- Einstaklingsvinna.
- Hópvinna.

Námsmat

- byggist á formlegri umsögn: Vinnubrögðum, samskiptum og mati á verkefnum.

Vísindi

Hæfniviðmið

Að nemandi geti:

- útskýrt hugmyndir sínar fyrir samnemendum.
- gert athugun og tjáð hana.
- notað áþreifanlega hluti og eigin skýringamyndir til að útskýra fyrir öðrum.
- rökstutt niðurstöður sínar.
- safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið.
- þróað eigin tilraun út frá athugun eða innlögn.
- tekið tillit til annarra í hópavinnu og sýnt frumkvæði.
- sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang.

Kennsluhættir

Stuttar innlagnir fyrir hóp eða einstakling, sýnikennsla, umræður, hópa- og einstaklingsvinna

Kennslufni/kennslugögn

Verklags seðlar frá kennara, sjálfstæðar athuganir nemenda, tilfallandi efni til tilrauna.

Námsmat

Námsmat byggist á formlegri umsögn á þrem þáttum; vinnubrögðum, samskiptum og mati á verkefnum.

Spil

Hæfniviðmið

Að nemendur læri:

- samskipti við aðra
- að bera virðingu fyrir vinnu annarra
- að vinna saman í hóp

Kennslufni/kennslugögn

Ýmis konar spil, bæði borðspil og venjulegir spilastokkar, samstæðuspil svo eitthvað sé nefnt. Enn fremur fá nemendur farveg í gegnum vinnu með sérstök forrit til að styrkja sköpunarkraft sinn og samstarfshæfileika.

Kennsluhættir

Einstaklings, pör og hópar vinna saman.

Námsmat

Símat sem byggir á frammistöðu í tímum.

Tekið er mið af:

- vinnusemi og virkri þátttöku
- sjálfstæði í vinnubrögðum
- framförum

Listsköpun

Hæfniviðmið

Að nemendur læri:

- Nemendur geta nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar.
- Nemendur geta útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki.
- Nemendur geta fjallað um eigin verk og annarra.
- Nemendur geta skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum.
- Nemendur geta unnið út frá kveikju við eigin listsköpun.
- Nemendur geta tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.
- Nemendur geta þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni.

Kennsluefni/kennslugögn

Endurnýtanlegur efniviður og fleira sem til fellur.

Kennsluhættir

Verkleg vinna.

Námsmat

Símat sem byggir á frammistöðu í tímum.

Tekið er mið af:

- Vinnusemi og virkri þátttöku
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Framförum og skapandi hugsun

Útivera

Hæfniviðmið

Að nemendur læri:

- góð samskipti við aðra
- að bera virðingu fyrir öðrum
- þekki nánasta umhverfi
- samgleðst öðrum

Kennsluefni/kennslugögn

Læra að þekkja hverfið og áhöld sem þarf að nota í mismunandi leikjum, s.s. boltar og sippubönd.

Kennsluhættir

Það verður farið út að ganga og í mismunandi leiki.

Námsmat

Símat sem byggir á frammistöðu í tímum.

Tekið er mið af:

- vinnusemi og virkri þátttöku
- samskiptum við samnemendur
- jákvæðni

Fjölval

Kennslulýsing: Nemendum á yngsta stigi er skipt í 14 hóp. Í þessum hópum er brotið upp hefðbundið skólastarf og leitast eftir að hafa fjölbreytt viðfangsefni fyrir hvern hóp. Hóparnir byrja á því að fara einu sinni á hverja stöð og að því loknu geta nemendur valið sér stöð vikulega.

Markmið:

- Að nemendur öðlist reynslu í starfi með ólíkum aldurshópum.
- Að viðfangsefni verði fjölbreytt og við hæfi allra nemenda.
- Að virkja áhuga og vinnusemi nemenda.
- Að nemendur öðlist nýja sýn á skólastarfið þar sem nýbreytni er ríkjandi.

Þannig er stuðlað að eftirfarandi þáttum í lykilhæfni aðalnámskrá grunnskóla, að nemandi við lok 4. bekkjar geti:

- tekið þátt í samræðum og tjáð sig í samskiptum við aðra.
- sýnt frumkvæði og verið skapandi í vinnu og lausn verkefna.
- verið sjálfstæður og virkur í hópastarfi.
- geti aflað sér og miðlað upplýsingum á fjölbreyttan hátt.
- fylgt fyrir mælum og læri að nýta tíma sinn vel til vinnu.

Skólaíþróttir

Íþróttir

Hæfniviðmið

Að nemendur geti:

- gert æfingar sem reyna á þol.
- sýnt nokkra boltafærni og tekið þátt í nokkrum mismunandi boltaleikjum.
- útskýrt líkamlegan mun á kynjum.
- gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum.
- tekið þátt í gömlum íslenskum leikjum og æfingum.
- tekið þátt í útivist og búið sig til útiveru með tilliti til veðurs. Ratað um skólaumhverfi sitt og þekkt göngu- og hjólaleiðir nærumhverfis.

Kennsluefni/kennslugögn

Stór og smá áhöld til íþróttaiðkunar

Kennsluhættir

Fjölbreyttir íþróttatímar sem innihalda m.a. ýmsar leikfimiæfingar og leiki.

Nemendum er skylt að koma með leikfimi föt (stuttbuxur og stuttermabol) og handklæði í hvern tíma og fara í sturtu að honum loknum.

Námsmat

Metið er frumkvæði nemanda, hæfni þeirra til að nota þekkingu og leikni í tímum og beita gagnrýninni hugsun. Nemendur þurfa að sýna öðrum virðingu og góða framkomu. Nemendur þurfa að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn. Einnig er skoðað hæfni nemenda til að bera ábyrgð á sínu námi ásamt því að gera sjálfsmat um frammistöðu sína í leikfimi. Nemendur taka þátt í stöðluðum prófum sem eru eftirfarandi:

Þolpróf, sippa, próf í að hanga og langstökk án atrennu.

Námsmat í íþróttum er eftirfarandi: Gefið er ágætt (Á), gott (G), sæmilegt (S) eða þarf að æfa betur (Þ). Nemendur fá vitnisburð í lok skólaárs með árangri úr stöðluðu prófunum sem þeir hafa tekið á skólaárinu.

Sund

Hæfniviðmið

Að nemendur:

- upplifi sund á jákvæðan hátt og fái æfingar við sitt hæfi. Mikið er lagt upp úr aðlögun og leikjum á þessu stigi
- nái valdi á einföldum samsettum hreyfingum í vatni, þ.e. vald á samspili grunnhreyfinga í bringusundi, skólabaksundi, skriðsundi og baksundi
- geti framkvæmt æfingar sem bæta þrek og styrk, ásamt því að efla leikræna tjáningu og sköpun

Námsmat

3. markmið (samræmd markmið í 3. bekk)

Að nemandi:

- geti synt 12 m bringusund.
- geti synt 12 m skólabaksund með eða án hjálpartækja.
- geti gert 6 m skriðsundsfótatök með andlit í kafi og arma teygða fram.
- geti gert 6 m baksundsfótatök með eða án hjálpartækja.
- geti kafað eftir hlut á 1 - 1,5 m dýpi.
- geti gert flotæfing – Velta og flot

Kennslufni/ Kennslugögn

Sundgleraugu, núðlur, flár, blöðkur, kafhringir, flotdýnur, prik, boltar, áhöld sem notuð eru við björgun í vatni ásamt fleiru.

Kennsluhættir

Verkleg kennsla, sýnikennsla, einstaklingsvinna og hópavinna. Farið verður í fjölbreytta leiki og æfingar framkvæmdar sem auka sundfærni nemenda ásamt því að bæta þrek og styrk.

Nemendur skulu mæta með sundföt, handklæði og sundgleraugu í hvern tíma.

Námsmat

Nemendur verða metnir út frá færni, umgengni, framförum og áhuga. Einnig þurfa nemendur að geta unnið með öðrum, sýnt jákvætt viðhorf og tekið leiðsögn. Sundfærni nemenda er metin jafnt og þétt allt skólaárið og umsögn gefin um við lok hvernar annar. Einnig fá nemendur skjal á vorin sem segir hvaða markmiðum nemandi hefur lokið. Gefið er ágætt (Á), gott (G), sæmilegt (S) eða þarf að æfa betur (Þ).